

Djúpavogshreppur  
Bakka 1  
765 Djúpivogur

Reykjavík 15. nóvember 2018  
UST201810-216/A.B.

10.04.03 ~~10.03~~

**Efni:** Lýsing - Deiliskipulag - Eyjólfstaðir – ferðapjónusta – Djúpavogshreppi.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps er barst 23.október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Eyjólfstaði í Djúpavogshrepps.

Í lýsingu kemur fram að á svæðinu er tjald- og gistaðstaða. Í lýsingu kemur fram að núverandi tjaldsvæði verður stækkað til norðurs um 0,2 hektara. Auk þess verða gerðar tillögur að gönguleiðum innan skipulagssvæðisins sem tengja munu saman ólík dvalarsvæði.


Tillagan gerir ráð fyrir að afmarkaðir verði tveir byggingarreitir fyrir nýtt aðstöðuhús fyrir gesti á tjaldsvæði með salerni, hreinlætisaðstöðu og eldhúsi og byggingarreitur undir nýtt gistihús, allt að 150 m<sup>2</sup> að stærð, með gistirýmum fyrir 20-24 manns.

Auk þess kemur fram að í deiliskipulaginu mun verða gerð grein fyrir staðsetningu og útfærslu fráveitu vegna fyrirhugaðra bygginga, sem verður hönnuð og byggð samkvæmt kröfum gildandi reglugerða um fráveitur og skólþ.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslýsingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.


Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur